

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1990

Nr. 336

912

10. ágúst 1990

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 586 19. desember 1989,
um veiðar á úthafsrækju 1990.**

1. gr.

Rækjuaflamark einstakra rækjuveiðiskipa sem úthlutað var á grundvelli 4.–6. gr. reglugerðar nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990 skal hækka um 10%. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar getur heildarrækjuafl á árinu 1990 orðið 24.000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 337

1. ágúst 1990

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 162, 4. apríl 1990, um námskeið fyrir
löggilta vigtarmenn.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig: Fram til 1. apríl 1991 er Löggildingarstofunni heimilt að veita starfandi löggiltum vigarmönnum undanþágu til þess að starfa sem slíkir, hafi þeir eigi átt þess kost að komast á námskeið í samræmi við framangreind ákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60, 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn til þess að öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 1. ágúst 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.